

## Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um United Silicon.

Frá Einari Brynjólfssyni.

1. Hversu háa ríkisaðstoð hefur United Silicon fengið á grundvelli 5. og 6. gr. fjárfestingarsamnings fyrirtækisins við ríkisstjórn Íslands frá 9. apríl 2014?
2. Hefur United Silicon skilað árlegum skýrslum til ráðuneytisins, eins og kveðið er á um í 19. gr. samningsins, og ef svo er, verða þær skýrslur birtar opinberlega?

Skriflegt svar óskast.